

STJÓRNARTÍÐINDI B 69 – 1994

15. september 1994

1541

Nr. 492

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 337, 16. júní 1994,
um bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi.**

1. gr.

Fyrri málsgrein 1. tl. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 67°20'N - 19°37'V
2. 67°02'N - 19°37'V
3. 67°02'N - 19°50'V
4. 67°05'N - 19°50'V
5. 67°05'N - 21°10'V
6. 67°10'N - 21°10'V
7. 67°20'N - 21°27'V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast gildi 17. september 1994 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. september 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.